



Til: sigridur.svana.helgadottir@uar.is
Efni: Re: Beiðni um umsögn - undanþága frá ákvæðum friðlýsingar
Upplýsingar: Sent: 12.02.2018 14:44:19 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018020018, Bréfalyklar: 42-11
Umsagnir um friðlýsingar

Tilvísun í mál: 2018020018

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 8. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Dalvíkurbyggðar um undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar vegna Friðlands í Svarfaðardal. Um er að ræða framkvæmdaleyfi fyrir gerð áningarstaðar við Hrísatjörn.

Þau gögn sem borist hafa með framangreindu erindi eru ekki mjög skýr þ.e. um það hvernig viðkomandi áningarstaður kemur til með að liggja nákvæmlega í landi. Við Hrísatjörn er allmikið varpland og flórgoðar verpa oft í krikanum þar sem áningarstaður er sýndur. Svo virðist sem „Blá svæðið“ sem sýnt er á loftmynd náí inn á votlendið í krikanum. Það er alls ekki ásættanlegt.

Náttúrufræðistofnun tekur undir það að heimilað verði að útbúa áningarstað/bílastæði á þessu svæði en að það verði einungis heimilað með skilyrðum um að áningarstaðurinn rýri ekki varpland eða votlendið við Hrísatjörn. Þess verði einnig gætt að ef komið verður upp fuglaskoðunarskýli þá verði það gert með þeim hætti að ekki hljóti af því truflun, sérstaklega á varptíma. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að hafa samráð við fuglafræðing, sem þekkir til í friðlandinu, um fyrrgreindar útfærslur og að endanlegt leyfi verði ekki veitt fyrr en að teikningar/útfærsla á áningarstað sem uppfyllir framangreind skilyrði liggja fyrir.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðahóltsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 09.02.2018 10:01:47
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Beiðni um umsögn - undanþága frá ákvæðum friðlýsingar

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 09.02.2018 10:01 -----

From: Sigríður Svana Helgadóttir <r14sihe@stjr.is>
To: ni@ni.is
Date: 08.02.2018 14:59
Subject: Beiðni um umsögn - undanþága frá ákvæðum friðlýsingar

Tilvísun í mál: UMH18020027

Hjálagt er erindi frá Dalvíkurbyggð um undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar vegna Friðlands í Svarfaðardal ásamt fylgigögnum.
Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2013, óskar umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindið. Óskað er eftir að umsögnin berist eigi síðar en 15. febrúar nk.

Kveðja,
Sigríður Svana

Sigríður Svana Helgadóttir, lögfræðingur, / Head of Division
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, skrifstofa landgæða
Ministry for the Environment and Natural Resources, Department of Land and Natural Heritage
Skuggasund 1, 150 Reykjavík, Iceland
Sími 545-8600, fax 562-4566 / Tel: +354-545-8600, fax +354-562-4566
www.umhverfisraduneyti.is / www.environment.is

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en þið prentið
Please consider the environment before printing

Notandi: "Börkur Þór Ottósson" <borkur@dalvikurbyggd.is>
Dagsetning: 8.2.2018 10:42:03
Til: "Póstur UAR" <postur@uar.is>
Efni: 201710046 - leyfi ráðherra vegna framkvæmda í Friðlandi Svarfdæla

Daginn.

Samkvæmt erindi dags. 7. febrúar 2018 frá Ferðamálastofu hefur láðst að óska eftir leyfi ráðherra umhverfis- og auðlindamála vegna umsóknar okkar í framkvæmdarsjóð ferðamannastaða.

Sveitarfélaginu er gefin frestur til 12. febrúar 2018 og ósk ég því eftir að umbeðin leyfisumsókn verði afgreidd fyrir þann tíma.

Líkt og fram kemur í meðfylgjandi gögnum eru jákvæðar umsagnir bæði frá Umhverfisstofnun og Vegagerðinni.

Þetta er mikið þarfa verkefni og mikilvægt að koma því í framkvæmd.

Kveðja,

Börkur Þór Ottósson

Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs

Byggðamerki og gildi

Dalvíkurbyggð

Ráðhúsi,

620 Dalvík

S:460-4920/ 864-8373

Fax: 460-4901

borkur@dalvikurbyggd.is

www.dalvikurbyggd.is

Vinsamlegast athugið að tölvupóstur þessi og viðhengi hans eru einvörðungu ætluð þeim móttakanda sem tölvupósturinn er stílaður á. Tölvupósturinn og viðhengi hans gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Ef þér hafið án tilætlunar, fyrir mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum eða viðhengjum hans biðjum við yður að fara eftir 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa efni þeirra, skrá þau hjá yður, dreifa þeim áfram, né heldur notfæra yður þau á nokkurn hátt og tilkynna til sendanda samstundis að þau hafi ranglega borist yður.



image001.jpg



Framkvæmdarleyfi.pdf



Umsögn UST vegna áningarstaðar.pdf



Umsögn Vegagerðarinnar.pdf



Greingargerð v. umsóknar um áningarstað.pdf